Eyjafjarðarsveit

Forsætisráðuneytið
Lækjartorgi
101 Reykjavík

Eyjafjarðarsveit, 8. apríl 2020

Efni: Umsögn Eyjafjarðarsveitar vegna Máls númer 55/2020 Uppbygging innviða

NOE-61 Flugvallaframkvæmdir: Eyjafjarðarsveit fagnar því að farið verði í framkvæmdir við Akureyrarflugvöll í því átaki sem nú er fram undan með uppbyggingu á flughlaði og flugstöð og að fyrir liggi að ráðast í yfirborðsviðhald brauta og hlaða, byggingar og búnaðar og ýmissa leiðsögutækja. Þá bendir sveitarfélagið einnig á nauðsyn þess að vinna áfram að því að efla aðflugsbúnað og kerfi flugvallarins (NRP AR og Egnos) til að styrkja svæðið enn frekar með tilliti til öruggra flugsamgangna. Einnig er mikilvægt að gamla byggðarlínan (flutningslína raforku) sem nú liggur sunnan flugbrautar verði lögð af samhliða framkvæmdum Landsnets varðandi Hólasandslínu 3. Hluti strengsettsins sem Landsnet er nú að leggja má þannig nýta fyrir gömlu byggðalínuna milli Bíldsárskarðs og Rangárvalla. Með þessu má auka enn frekar á lendingargæði Akureyrarflugvallar samhliða því að auka öryggi raforkuflutnings á svæðinu.

Raforkuöryggi: Ekki er nægilega vel hægt að undirstrika mikilvægi þess að efla raforkuöryggi á svæðinu. Mikilvægt er að jarðstrengjavæðing dreifikerfis verði á svæðinu ásamt þrífösun líkt og fram kemur í NOE-34 (dreifikerfi). Þá er afar mikilvægt að Blöndulína 3 komist í framkvæmd en hún hefur verið í umsagnar- og kynningarferli í 12 ár sem er fullkomlega óviðunandi m.t.t.rafmagnsgæða og rafmagnsöryggis fyrir allt Norðurland. Fyrir liggur einnig að skoða þarf hvernig best sé að tengja suðurkerfið við norðurkerfið en það mætti gera með því að tengja Brennimel í Borgarfirði við Blöndustöð sem yrði mikil bót fyrir dreifikerfi raforku á landinu öllu. Til þess að auka enn frekar öryggi kerfisins mætti skoða hálendistengingu milli norðurs og suðurs þannig að til verði hringtenging. Einnig vill sveitarfélagið taka undir með sveitarfélaginu Dalvíkurbyggð um mikilvægi þess að "Dalvíkurlína 2" verði komin í gagnið sem fyrst og að hún verði lögð í jörðu. Hringtenging fyrir Tröllaskaga er mikið öryggisatriði fyrir allt Eyjafjarðarsvæðið til framtíðar.

NOE-06 Eyjafjarðarsveit leggur áherslu á að jarðstrengjavæðingu verði lokið í sveitarfélaginu árið 2020 líkt og lagt er til hjá RARIK.

LAN-110 Sveitarfélagið tekur undir nauðsyn þess að yfirfara þurfi skilgreiningar á því hvað fellur undir opinberar áfallatryggingar og skýrt sé hvernig tjón vegna afurða missi á kúabúum, gripatjón og tjón á girðingum verði bætt.

NOE-78 Sveitarfélagið fagnar mjög áætlunum um fyrirkomulag stuðnings ríkis við sveitarfélög vegna fráveituframkvæmda (NOE-78). Stuðningur við framkvæmdir við fráveitur er forsenda þess að hægt sé að hefja framkvæmdir vegna hreinsivirkis í fjölda þéttbýla víðsvegar um land, meðal annars Hrafnagilshverfis. Þá getur slíkt veitt innspýtingu í efnahagskerfið víðsvegar um land þar sem beðið er eftir slíkum ákvörðunum.

NOV-56 Mikilvægi þess að efla sjúkrahúsið á Akureyri verður ekki nægilega vel undirstrikað eins og yfirstandandi faraldur sannar fyrir landsmönnum í dag ásamt heilsugæslum svæðisins. Öflug viðbragðsgeta heilbrigðisstofnananna og annarra viðbragðsaðila í byggðarkjörnum svo sem slökkviliðs, sjúkraflutningsmanna og björgunarsveita er lykilatriði fyrir alla byggð í landinu hvar sem

hún er. Sérlega mikilvægt er að öflug starfsemi sé til staðar ekki bara á höfuðborgarsvæðinu heldur víðar um land einmitt til að geta brugðist við hinu óvænta.

NOE-80 Sveitarfélagið telur afar mikilvægt að fjárskiptafélögin opni dreifinetin sín á milli að fullu þegar neyðarástandi er lýst líkt og upp kom víða um land í desember. Það er með öllu ótækt að lífi og limum einstaklinga sé ógnað vegna samstarfshafta eða samkeppnissjónarmiða í slíku ástandi.

LAN-130 Neyðarfjarskiptakerfi almennings. Eyjafjarðarsveit fagnar því að það muni eiga sér stað stefnumótun í neyðarfjarskiptakerfi fyrir almenning og viðbragðsaðila en brotalöm í fjarskiptakerfum olli miklu óöryggi hjá íbúum fjölda sveitarfélaga víðsvegar um landið.

Sveitarfélagið vill einnig benda á að ýmis verkefni eru í farvatninu í Eyjafjarðarsveit. Bygging skóla og leikskóla, vegaframkvæmdir og framkvæmdir við fráveitumannvirki eru allt atriði sem eru í fyrirsjáanlegri framtíð hjá sveitarfélaginu. Með auknu aðgengi að fjármögnun á lágum vöxtum er bæði hægt að flýta framkvæmdum sem og framkvæma meira á komandi árum en upphaflegar áætlanir gera ráð fyrir.

Eyjafjarðarsveit vill í lokin þakka fyrir þá miklu vinnu sem átakshópurinn hefur lagt í gerð þessarar skýrslu á þeim stutta tíma sem leið frá óveðrinu í desember.

Virðingarfyllst

Finnur Yngvi Kristinsson
sveitarstjóri, Eyjafjarðarsveitar